

SKÁTAÞING 2026 - FUNDARBOÐ

STEFNAN TEKIN



Með bréfi þessu boðar stjórn Bandalags íslenskra skáta til Skátapings 2026.

Þingið verður haldið dagana 20. - 22. mars í Brekkuskóla, Akureyri og á Hömrum. Þingið hefst með setningu kl. 20:30 föstudaginn 20. mars í Brekkuskóla og lýkur sunnudaginn 22. mars kl. 13:00 á Hömrum. Aðstaðan opnar kl. 19:00 og frá þeim tíma er hægt að fá þinggögn afhent. Vakin er athygli á að ekki verður boðið upp á kvöldmat á föstudegi. Skátafélagið Klakkur er gestgjafi þingsins. Hægt verður að bóka svefnpláss í Valhöll fyrir einstaklinga, skráningin fer fram á Abler síðu þingsins.

Dagskrá þingsins er [skv. 21. grein laga BÍS](#) en rétt er að vekja athygli á greinum [18-20 í lögum BÍS](#) sem fjalla um Skátaping. Starfandi skátar hafa rétt til að sitja Skátaping með málfrelsi og tillögurétt óháð aðildarleið. Fulltrúar skátafélaga með aðild A fara með 4 atkvæði, þar af skal eitt atkvæði bundið félagsforingja eða öðrum stjórnarmeðlim skátafélagsins í hans stað og æskilegt er að minnst eitt atkvæði sé í höndum einstaklings á aldrinum 13-25 ára.

Öll sem hyggjast taka þátt skulu [skv. 18. grein laga BÍS](#) skrá sig á [skraning.skatarnir.is](#) fyrir kl. 20:30 þann 13. mars. Félagsforingjar eða annað stjórnarfolk skátafélaganna skal skila [kjörbréfum rafrænt](#) fyrir setningu þingsins. Kjörbréf tilgreina hver fara með atkvæði fyrir hönd félagsins. Hægt verður að fylgjast með þinginu rafrænt í gegnum streymi en rafræn þátttaka er ekki möguleg.

Þátttökugjald er 13.900 kr., innifalin eru þinggögn, léttar veitingar á föstudagskvöldi og hádegisverður bæði á laugardegi og sunnudegi ásamt almennri dagskrá sem boðið verður upp á samhliða þinginu.

Upplýsingasíðu Skátapings má finna á [skatarnir.is/skatathing2026](#). Þar verður öllum gögnum hlaðið upp þegar þau berast og í síðasta lagi fyrir tilgreindan frest samkvæmt lögum. Öll þinggögn verða aðgengileg þar á rafrænu formi fyrir setningu Skátapings.

Kosningar og framboð

Samkvæmt [23. grein laga BÍS](#) verður kosið í embætti skátahöfðingja og þriggja meðstjórnenda í stjórn BÍS, ásamt kosningu í fastaráð BÍS, uppstillingarnefnd og löggildan endurskoðanda. Framboðstilkynningar og tillögur um fólk í þessi hlutverk óskast sendar hið fyrsta og eigi síðar en **27. febrúar kl. 12:00** á netfangið [uppstillingarnefnd@skatarnir.is](#). Með fundarboði fylgir tilkynning frá uppstillingarnefnd þar sem finna má nánari upplýsingar og lýsingu á hverju hlutverki fyrir sig.

Sérstök athygli er vakin á því að ekki er hægt að skila framboðum á þinginu sjálfu.

Uppstillingarnefnd skipa:

Dagbjört V. Brynjarsdóttir, form	s. 862-4605	dagga@mosverjar.is
Ásgeir Ólafsson	s. 844-4069	asgeir@hraunbuar.is
Hafðís Bára Kristmundsdóttir	s. 617-1591	barahafdis@gmail.com
Ingimar Eydal	s. 862-2173	ingimar.eydal@simnet.is

Eftirtalin embætti eru laus til kjörs á Skátaþingi 2026:

Stjórn (kosið til tveggja ára)

Skátahöfðingi
Þrír meðstjórnendur

Annað

Fimm meðlimir Uppstillingarnefndar
Löggiltur endurskoðandi reikninga.

Fastaráð (kosið til tveggja ára)

Þrír til fimm meðlimir Alþjóðaráðs
Þrír til fimm meðlimir Starfsráðs
Þrír til fimm meðlimir stjórnar Skátaskólans
Þrír til fimm meðlimir Útlífisráðs

Kjörin á Ungmennapingi 2026

Áheyrnarfulltrúi ungmenna í stjórn BÍS
Fimm sæti í ungmennaráði

Mikilvægar dagsetningar fram að Skátaþingi:

Rétt er að vekja athygli á eftirfarandi dagsetningum fram að þingi samkvæmt gildandi lögum BÍS.

6. febrúar kl. 20:30 - Fresti til að boða til Skátaþings lýkur

20. febrúar kl. 20:30 - Fresti til að skila tillögum að lagabreytingum til stjórnar BÍS lýkur.

27. febrúar kl. 12:00 - Framboðsfrestur í laus embætti BÍS rennur út.

27. febrúar kl. 20:30 - Fresti til að skila beiðnum um upptöku mála á Skátaþingi til stjórnar BÍS lýkur

6. mars kl. 20:30 - Fresti stjórnar BÍS til að senda félagsforingjum þinggögn og drög að dagskrá Skátaþings lýkur.


13. mars kl. 20:30 - Fresti til að skila athugasemdum um útsend gögn til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.

13. mars kl. 20:30 - Skráning á Skátaþing lýkur.

20. mars kl. 20:30 - Fresti skátafélaga til að skila gögnum og kjörbréfum til Skátamiðstöðvarinnar lýkur.

20. mars kl. 20:30 - Skátaþing er sett.

Fyrir hönd stjórnar BÍS



Skátahöfðingi

Reykjavík, 6. febrúar 2026